

21 & 22 March 2022

Stockholm, Sweden,
Radisson Blu, Waterfront

COMPETITION LAW NORDIC

The only truly pan-Nordic competition law forum.

Hear directly from all the Nordic NCAs, the European Commission, leading in-house counsel and specialised advisors - 60 speakers in total! Understand how competition law is developing and shape practical strategies.

Þann 21-22. mars 2022 var haldin fjölsótt ráðstefna í Stokkhólmi, um beitingu samkeppnilaga og þróun samkeppnisréttar á Norðurlöndunum. Fundinn sóttu lögmenn og aðrir ráðgjafar fyrirtækja á Norðurlöndum (innan húss og utanaðkomandi), fulltrúar norrænu samkeppniseftirlitanna og framkvæmdastjórn ESB og ESA.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins sótti fundinn.

Forstjórar norrænu samkeppniseftirlitanna sátu í panel þann 21. mars, þar sem fjallað var um beitingu samkeppnislaga á síðasta ári. Páll Gunnar rakti aukið verkefnaálag við rannsókn samrunamála á árinu 2021, en ríflega þriðjungur ráðstöfunartímans fór í samrunarannsóknir, samanborið við 20% árin þar á undan. Kallaði þetta verkefnaálag á forgangsröðun verkefna, þar sem t.d. reyndist óhjákvæmilegt að skera niður ráðstöfunartíma í eftirlit með banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og opinberum samkeppnishömlum.

Páll Gunnar greindi frá því að á tímum Covid-19 hefði orðið þróun í átt til meiri samþjöppunar í ferðaþjónustu og á fleiri sviðum, s.s. matvælaframleiðslu og dagvöruaöföng. Þá fjallaði hann um mikilvægi virkrar samkeppni á tímum efnahagserfiðleika og nauðsyn þess að vinna gegn tilhneigingu verndarstefnu þegar að kreppir, sem endurspeglast hefur m.a. í tilraunum til þess að víkja samkeppnislögum til hliðar á mikilvægum sviðum eins og matvælaframleiðslu.

Einnig fjallaði Páll um samkeppni í innviðum og áhuga erlendra fjárfesta á innviðum í fjarskiptum og í greiðslukortastarfsemi á Íslandi, auk þess sem raktar voru helstu ákvarðanir á árinu 2021.






Varðandi áherslur fram á við benti Páll á að íslenska Samkeppniseftirlitið hefði um margt svipaðar áherslur og erlend systureftirlit, s.s. á vettvangi aukinnar starfrænnar (digital) starfsemi og breytinga á atvinnustarfsemi í átt til aukinnar sjálfbærni. Á næstunni myndi Samkeppniseftirlitið hafa auga með verðhækkunum á mikilvægum sviðum, í tilefni af umræðu um hækkandi hrávöruverð og aðra hnökra í aðfangakeðjunni vegna Covid-19 og stríðsreksturs í Úkraínu.

Í panelnum var einnig fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á Norðurlöndunum með tilskipunum ESB um styrkingu samkeppniseftirlita. Forstjórar norska og íslenska eftirlitsins bentu á að þessi tilskipun, auk tilskipunar um bætur til tjónpóla í samkeppnismálum, hefðu ekki við innleiddar í EES-samninginn. Neytendur og fyrirtæki landanna tveggja sem reiddu sig á vernd samkeppnisreglna stæðu því hallari fæti en neytendur og fyrirtæki í öðrum löndum á evrópska efnahagssvæðinu.



Þá var í panelnum fjallað um mikilvægi norræns samstarfs.

Á ráðstefnunni var ítarlega fjallað um ýmis álitafni varðandi túlkun og framkvæmd samkeppnislaga á vettvangi ólögmæts samráðs, markaðsráðandi stöðu og samruna. Var fjallað um þessi álitafni bæði frá sjónarhóli fyrirtækja og stjórnvalda. Umræður á fundinum vörpuðu t.d. ljósi á samanburð milli landa frá sjónarhóli fyrirtækja og eftirlita. Sem dæmi um þetta má nefna að fram kom að í þeim löndum þar sem tíðni forviðræðna í samkeppnismálum er mest, eru viðkomandi samkeppniseftirlit í stöðu til þess að ljúka hærra hlutfalli mála með skemmri rannsókn, þ.e. á I. fasa. Við mat á þeim tíma sem fer í rannsóknir á samrunamálum þurfi að taka með þann tíma sem fer í forviðræður.

 <p>Tina Søreide Director General Norwegian Competition Authority (Norway)</p>	 <p>Rikard Jermsten Director General Swedish Competition Authority (Sweden)</p>
 <p>Timo Mattila Deputy Director General Finnish Competition and Consumer Authority (Finland)</p>	 <p>Jakob Hald Director General Danish Competition and Consumer Authority (Denmark)</p>
 <p>Páll Gunnar Pálsson Director General Icelandic Competition Authority (Iceland)</p>	